

## **Tillaga til 463. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 15. október 2020**

Tillaga frá 545. fundi skipulags- og mannvirkjanefnd, sem fram fór 14. október sl., um að bæjarstjórn heimili útgáfu framkvæmdaleyfis vegna endurheimt votlendis á jörð Skóga og Horns á vegum Votlendissjóðs. Telur nefndin að svæðið sem um ræðir falli ekki undir skilgreiningu núverandi Aðalskipulags sem landbúnaðarjarðir sem beri að halda í.

### **Bókun skipulags- og mannvirkjanefndar 14. október 2020:**

#### **4. Skógar og Horn í Mosdal við Arnarfjörð - endurheimt votlendis - 2020090060**

Lagður fram tölvupóstur Einars Bárðasonar, framkvæmdastjóra Votlendissjóðs, dags. 14. september 2020, þar sem óskað er eftir framkvæmdarleyfi fyrir endurheimt votlendis á jörðunum Skógum og Horni í Mosdal við Arnarfjörð.

Jafnframt lögð fram aðgerðaáætlun um endurheimt votlendis, dags. 7. mars 2016, almennar leiðbeiningar um endurheimt votlendis, dags. 1. sept. 2019, og upplýsingaskjal um endurheimt votlendis, skipulag og leyfi.

Á 1122. fundi bæjarráðs þann 21. september 2020 var máli þessu vísað til umhverfis- og framkvæmdanefndar, og skipulags- og mannvirkjanefndar.

*Skipulags og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu framkvæmdaleyfis vegna endurheimt votlendis á jörð Skóga og Horns á vegum Votlendissjóðs. Telur nefndin að svæðið sem um ræðir falli ekki undir skilgreiningu núverandi Aðalskipulags sem landbúnaðarjarðir sem beri að halda í.*